

# Ævintýri ungs fólks í Álesund

Fyrstu vikuna í ágúst næstkomandi verður haldið vinabæjamót í Álesund í Noregi. Vinabæir Akureyrar á hinum Norðurlöndunum auk Álesund eru Randers í Danmörku, Västerås í Svíþjóð, og Lahti í Finnlandi.

## **Páttakendur og verkefni**

Til mótsins er boðið ungu fólki á aldrinum 16-20 ára, 16 fulltrúum frá hverju landi. Sérstaklega er leitað að fólki sem hefur tekið þátt í skapandi starfi og tólmstundastarfi af einhverju tagi. Þema vinnusmiðjanna er „Hafið tengir okkur saman.“

Unnið verður með eftirfarandi flokka: Ljósmyndun, neðansjávarljósmyndun, trébatinn, vatnaíþróttir, veiðiferð, allt gott frá hafinu, veggmálun, með hafið sem skapandi uppsprettu, kórsöng (sjávarsöng) og heimildir (fréttir frá mótinu). Engin krafa um sérstaka kunnáttu, allir geta verið með. Sundkunnáttu er þó krafist vegna þátttöku í neðansjávarljósmyndun.

Að auki verða með í för 2 fararstjórar og stjórnálmenn frá Akureyrarbæ.

## **Gisting og ferðir**

Gist verður í Latínuskólanum í miðbæ Álasunds þar sem morgunverður verður snæddur. Kostnaður er áætlaður krónur 25 - 30.000 fyrir ferðir til og frá Akureyri. Páttakendur greiða sjálfir fyrir mat á leiðinni, en öll þátttaka í mótinu, þar með talinn matur og gisting er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Áhugasamt ungt fólk á aldrinum 16-20 ára getur skráð sig hjá Maríu Jónsdóttur á Norrænu upplýsingaskrifstofunni. Netfang [mariajons@akureyri.is](mailto:mariajons@akureyri.is) eða í síma 462 7000.

**Skráningarfrestur er til 30. maí n.k.**

Akureyrarbær og Norræna upplýsingaskrifstofan